



UNIVERSITY OF ICELAND

Yfirlit

Pörfin

Til að tryggja sem besta nýtingu opinberra fjárframlaga vildi Háskóli Íslands fá betri innsýn og aukinn sveigjanleika við gerð fjárhagsáætlana.

Lausnin

Með því að taka í notkun hagkvæmt og samþætt líkan fyrir fjárhagsáætlanagerð byggt á IBM® Cognos® Express hugbúnaðinum öðlaðist háskólinn betri stjórn og meiri yfirsýn á öllum stigum fjárhagsáætlanagerðar fyrir allar deildir skólans.

Ávinningurinn

Með sjálfvirkni fæst meiri nákvæmni í fjárhagsáætlanagerð og handstýrðum aðgerðum fækkar um 50 prósent. Fjárhagsáætlanagerð styttest úr nokkrum vikum niður í nokkra daga, en það flýttir fyrir innsýn og auðveldar alla stefnumótun.

Háskóli Íslands

Fjárframlög ríkisins vel nýtt með einfaldari og skýrari fjárhagsáætlanagerð

Ríkisreknar stofnanir eru undir æ meiri þrýstingi að því er varðar góða nýtingu veittra framlaga. Þær þurfa að taka ákvarðanir um það hvernig fjármunum er ráðstafað – og það getur verið mikil áskorun þegar fjárhagsáætlanagerð fer fram með handvirkum færslum í töflureikna.

„Það er gríðarlega mikilvægt að hafa allar tölur við höndina, geta séð hvaða áhrif launabreytingar eða önnur útgjöld hafa í hverri deild fyrir sig og geta borið saman mismunandi sviðsmyndir,“ segir Óskar Einarsson, rekstrarstjóri Hugvísindasviðs Háskóla Íslands.

„Þetta er ástæðan fyrir því að við ákváðum að breyta nálgun okkar á fjárhagsáætlanagerð.“

Með því að innleiða IBM Cognos Express, sem er hluti IBM Watson™ Foundations hugbúnaðarsafnsins, býr háskólinn nú að sjálfvirkri og hagkvæmri hugbúnaðarlausn fyrir fjárhagsáætlanagerð í stað þess að beita handvirkum aðferðum. Stofnunin getur nú byggt á ýtarlegri skilningi á ráðstöfun fjárveitinga og skoðað ólíkar sviðsmyndir áður kemur að því að taka ákvarðanir um skiptingu fjármagns milli deilda.

Áður óþekkt innsýn

Þeim fjármunum sem Háskóli Íslands fær frá íslenskum stjórnvöldum verður hann að skipta eins og viðeigandi þykir milli hinna ólíku háskóladeilda – og þá getur þurft að taka erfiðar ákvarðanir.

Dýrmætur tími sem áður fór í seinlegar handvirkar aðgerðir sparast og starfsfólk fær svigrúm til að sinna öðrum verkefnum. „Þar sem meiri tími gefst til þess að greina útgjöld og rannsaka tengsl hinna ýmsu fjárhagsþátta erum við betur í stakk búin til að veita stjórnendum háskólans ráðgjöf,“ segir Óskar Einarsson, rekstrarstjóri Hugvísindasviðs Háskóla Íslands.



Samsetning lausnarinnar

Hugbúnaður

- IBM® Cognos® Express

Samstarfsaðili IBM

- Capacent
-

Áður fyrr fór fjárhagsáætlanagerð einstakra deilda fram með töflureiknum; deildirnar skiluðu inn töflum sem fjármálasvið háskólans vann síðan handvirkt úr við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar. Þetta þýddi að ekki fékkst yfirsýn yfir fjárhag háskólans fyrr en öllu ferlinu var lokið og hvers konar villur eða síðari breytingar gátu kostað mikla og tímafreka úrvinnslu.

Óskar útskýrir: „Við þurfum að samþætta fjárhagstölur frá um það bil 100 ólíkum fjárhagseiningum innan háskólans. Áður þurfti hver eining að skila inn fjórum mismunandi töflum sem gátu innihaldið margar endurtekningar og því þurfti starfsfólk fjármálasviðs að flokka og yfirfara hundruð skjala. Með þessu móti var erfiðara að gæta nákvæmni og tryggja að rétt útgáfa gagna væri lögð til grundvallar.“

Til að styðja við ákvarðanatöku og tryggja sem besta skiptingu tekna vildi háskólinn eiga kost á því að skoða mismunandi sviðsmyndir fjárhagsáætlana án þess að það kostaði aukið vinnuálag á fjármálateymið.

Ný og skýrari sýn á reksturinn

Fjármálasvið háskólans hóf leit að leiðum til að auka gagnsæi og sveigjanleika við fjárhagsáætlanagerð og sneri sér til Capacent, samstarfsaðila IBM í fremstu röð.

Óskar segir: „Við völdum að vinna með Capacent vegna þess að fyrirtækið hefur orð á sér fyrir fagleg vinnubrögð og býður ráðgjöf á mjög hagstæðu verði. Samkvæmt Capacent kom tvennt til greina: annaðhvort þróaðri útgáfa á gamla líkaninu okkar fyrir töflureikni eða IBM Cognos Express. Einn starfsmanna okkar hafði þegar unnið með Cognos-hugbúnað og sannfærði okkur fljótlega um að það væri klárlega betri kostur.“

Í dag dregur háskólinn út fjárhagsleg gögn úr launagreiðslu- og bókhaldskerfum ríkisins og hleður þeim inn í fjárhagsáætlunarlíkan IBM Cognos Express, þar sem þau eru tvinnuð saman við upplýsingar sem umsjónarmenn einstakra rekstrareininga láta í té.

„Með IBM Cognos Express fáum við betri innsýn í fjármál háskólans; við getum skoðað rekstur einstakra eininga eða kallað fram heildarsýn, allt eftir þörfum,“ segir Óskar. „Búnaðurinn hefur gert okkur kleift að hafa meiri samvinnu milli fjármálasviðs og annarra eininga um gerð fjárhagsáætlana, og hann stuðlar að betri skilningi allra á sínum verkefnum.“

„Með tilkomu IBM Cognos Express stýttist tíminn sem fer í fjárhagsáætlanagerð til muna og vinnuálag starfsfólks í tengslum við hana minnkaði um 50 prósent.“

— Óskar Einarsson, rekstrarstjóri
Hugvísindasviðs, Háskóla Íslands

Líkanagerð er fljótlegri og sveigjanlegri og gerir starfsfólki fjármálasviðs kleift að fá sýn á það hvernig fjárhagsáætlunin teiknast upp jafnvel þótt allar tölur séu ekki komnar í hús. Og þar sem allir útreikningar eru orðnir sjálfvirkir og gagnaöflunin að miklum hluta, gerir lausnin þar að auki að verkum að skólinn getur haft aukna tiltrú á nákvæmni talnanna.

Áður óþekktur sveigjanleiki

IBM Cognos Express veitir starfsfólki fjármálasviðs háskólans möguleika á að gera nokkrar útgáfur af fyrirhugaðri fjárhagsáætlun þar sem tölum má hnika til að vild til að meta áhrifin sem þannig breytingar gætu haft á heildarmyndina. Þar með geta stjórnendur tekið ólíkar sviðsmyndir með í reikninginn þegar þeir ákveða hvernig fjárveitingum skuli ráðstafa.

Lausnin veitir ekki aðeins meiri innsýn – hún eykur einnig skilvirkni. Óskar bætir við: „Með innleiðingu IBM Cognos Express er fjárhagsáætlanagerðin orðin léttari í vöfum: það sem áður tók fleiri vikur vinnst nú á nokkrum dögum.“

Sumpart stafar þetta af því að það er miklu auðveldara að endurtaka ferlið ef við þurfum að leiðrétta eitthvað. Við erum laus við ósveigjanlegt líkan þar sem breytingar þurfti að færa inn í margar töflur – nú þurfum við ekki að breyta tölum nema einu sinni og reiknum síðan allt upp á nýtt með því að styðja á einn hnapp.

Þar sem þessi nýja lausn hefur gert ýmsa handstýrða vinnu óþarfa kemst starfsfólk okkar nú af með aðeins 50 prósent þess tíma sem áður þurfti í fjárhagsáætlanagerð – og hefur þannig meiri tíma til að sinna öðrum þörfum verkefnum, t.d. greiningu gagna og ráðgjöf til stjórnenda háskólans.“

Horft til framtíðar

Í ljósi þess hve góð reynsla var af lausninni strax fyrsta árið hyggst Háskóli Íslands auka við IBM Cognos Express hugbúnaðarsamstæðuna – til dæmis með því að taka upp raunefirlit með útgjöldum og skýrslugjöf um frávík frá fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Í háskólanum eru menn sannfærðir um að aðrar opinberar stofnanir á Íslandi gætu lært af þessum breytingum. Óskar segir að lokum: „Með IBM Cognos Express hugbúnaðinum er leikur einn að vinna með allar þær ólíku tegundir launa- og starfssamninga sem tíðkast innan stofnunarinnar og fá þar með góða yfirsýn yfir útgjöld í öllum rekstri skólans. Við sjáum vel hvað það gæti verið gagnlegt fyrir aðrar sambærilegar stofnanir sem vilja fá það mesta út úr takmörkuðum fjárráðum.“

Um Háskóla Íslands

Háskóli Íslands var stofnaður árið 1911 og er einn stærsti vinnuveitandi landsins, með yfir 1.000 fastráðna starfsmenn og meira en 2.000 lausráðna kennara og annað starfsfólk. Skólinn býður námskeið á tæplega 400 námsleiðum.

Nánari upplýsingar um Háskóla Íslands má nálgast á hi.is

Um Capacent

Capacent býður fyrirtækjum sérsniðnar lausnir og ráðgjöf á ýmsum sviðum, allt frá stefnumótun, fjármálaráðgjöf og markaðsrannsóknnum til ráðningarþjónustu, upplýsingatækni og frammistöðustjórnunar. Hjá Capacent á Íslandi starfa 100 manns og systurfyrirtæki þess þjónar Norðurlöndunum, Rússlandi og Kína.

Nánari upplýsingar um vörur, þjónustu og lausnir Capacent er að finna á www.capacent.is

Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á ibm.com/analytics



© Copyright IBM Corporation 2015

IBM Corporation
Software Group
Route 100
Somers, NY 10589

Útbúið á Íslandi
Apríl 2015

IBM, IBM lógóið, ibm.com, Cognos og Watson eru vörumerki fyrirtækisins International Business Machines Corp. og skrásett í löndum um allan heim. Önnur vöru- og þjónustuheiti kunna að vera skrásett vörumerki IBM eða annarra fyrirtækja. Gildandi lista með IBM vörumerkjum má nálgast á veraldarvefnum undir „Copyright and trademark information“ á ibm.com/legal/copytrade.shtml.

Skjal þetta gildir frá og með upphaflegum birtingardegi. IBM áskilur sér rétt til breytinga á því hvenær sem er. Vörutilboð IBM kann að vera breytilegt eftir löndum þar sem IBM er starfandi.

Notandinn ber ábyrgð á því að meta og sannprófa starfsemi hvers konar annarra afurða eða hugbúnaðar með vörum og hugbúnaði frá IBM. UPPLÝSINGARNAR Í ÞESSU SKJALI ERU VEITTAR ÁN NOKKURRAR TRYGGINGAR, HVORT SEM ER BEINNAR EÐA ÓBEINNAR, Þ.M.T. ÁN NOKKURRAR TRYGGINGAR FYRIR KAUP- EÐA SÖLUHÆFI, HÆFI TIL ÁKVÆÐINNAR NOTKUNAR OG ÁN NOKKURRAR TRYGGINGAR EÐA SKILYRÐA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SAMRÆMI VIÐ LÖG. Ábyrgð á vörum frá IBM er veitt í samræmi við skilmála þeirra samninga sem um sölu eða afhendingu þeirra gilda.



Please Recycle